



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólgata 7
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. mars 2019.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um áform dómsmálaráðuneytis um lagasetningu til að koma á fót sjálfstæðri, innlendri mannréttindastofnun.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) fagnar áformum dómsmálaráðuneytis um lagasetningu til að koma á fót sjálfstæðri innlendri mannréttindastofnun til samræmis við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 48/134 um innlendar mannréttindastofnanir (National Human Rights Institutions) og Parísarreglur þeirra um stöðu og verksvið slíkra stofnana. Eins og réttilega greinir í texta áformanna þá hefur íslenska ríkið fengið fjölmörg tilmæli frá alþjóðlegum nefndum og aðilum, sem starfa á grundvelli mannréttindasamninga og skuldbindinga, um að koma á stofn slíkri stofnun, til dæmis í tengslum við allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttinda á Íslandi árið 2016.

MRSÍ sinnir helstu verkefnum innlendar mannréttindastofnunar á Íslandi. Skrifstofan hefur frá upphafi komið fram fyrir Íslands hönd á vettvangi Evrópuráðsins og hjá Sameinuðu þjóðunum. Skrifstofan er fulltrúi Íslands í norrænu samstarfi og í Evrópusamtökum mannréttindastofnana (Association of Human Rights Institutions, AHRI). Skrifstofan skrifar umsagnir um lagafrumvörp, viðbótarskýrslur við skýrslur stjórnvalda til alþjóðlegra nefnda sem starfa á grundvelli mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins, upplýsir alþjóðlegar eftirlitsstofnanir um stöðu mannréttinda á Íslandi, stendur fyrir málþingum, rannsóknum og útgáfu, gerð mannréttindafræðsluefnis og tekur þátt í opinberum nefndum og samstarfi við háskóla og frjáls félagasamtök hér á landi sem og erlendis. Þá hefur skrifstofan árlega staðið að herferðum gegn mannréttindabrotum s.s 16 daga átaki gegn kynbundu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, svo fátt eitt sé talið.

Frá stofnun MRSÍ árið 1994 hefur það verið yfirlýst markmið aðildarfélaga hennar að skrifstofan fái stöðu innlendar, sjálfstæðrar mannréttindastofnunar. MRSÍ hvetur til þess að reynsla, þekking, tengslanet og í raun öll starfsemi MRSÍ verði nýtt við stofnun slíkrar stofnunar enda væri það stjórnvöldum til mikils hagræðis og sparar jafnframt umtalsverðan kostnað, vinnu, tengslamyndun o.fl.

MRSÍ fagnar og því að styðjast eigi að nokkru leyti við frumvarp um sjálfstæða, innlenda mannréttindastofnun sem unnið var í innanríkisráðuneytinu árið 2016 og athugasemir við það. Vill skrifstofan áréttta nokkrar athugasemdir sem gerðar voru við það frumvarp ásamt því að koma á framfæri ábendingum varðandi áform dómsmálaráðuneytis:



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

1. Að mati skrifstofunnar er mikilvægt að horft sé til þeirra félagasamtaka sem láta sig mannréttindi varða og þeirrar miklu reynslu og þekkingar sem þau búa yfir þegar hugað er að skipan í stjórn sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar. Í 5. gr. norsku laganna um sjálfstæða, innlenda mannréttindastofnun segir að stjórnarmenn skuli vera fulltrúar ólíkra fagsviða, hér undir hafa lagalega sérþekkingu á mannréttindamálum. Að mati MRSÍ er það grundvallarforsenda að stjórnin hafi þekkingu og skilning á mannréttindamálum og alþjóðlegum mannréttindareglum, einkum í ljósi þess að meðal hlutverka stjórnar slíkrar stofnunar ætti að vera að móta áherslur í starfi.
2. Í frumvarpsdrögum frá 2016 var talað um 5 manna ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila til tveggja ára í senn. MRSÍ veltir fyrir sér hvort nefndarmenn mættu ekki vera fleiri í ljósi þeirra fjölbreyttu hópa og hagsmunaaðila sem starfa að mannréttindamálum. Þá telur skrifstofan jákvætt að skipt nefndarmönnum verði skipt út á tveggja ára fresti, það veitir færi á að koma fleiri sjónarmiðum og áherslum að.
3. Í áformunum eru talin upp almenn skilyrði sem sjálfstæð, innlend mannréttindastofnun þarf að uppfylla samkvæmt Parísarviðmiðum Sp og meðal þeirra er að almenningur þurfi að geta leitað til mannréttindastofnunar og að hún skuli geta aðstoðað eftir atvikum við athugun og könnun á einstökum málum.

Það er ekki svo að allar sjálfstæðar, innlendar mannréttindastofnanir taki að sér mál einstaklinga enda hafa þær talsvert frjálsræði um verkefnaval þó innan ramma Parísarviðmiðanna sé. Sjálfsagt er, eins og MRSÍ hefur leitast við, að veita þeim sem til skrifstofunnar leita ráðgjöf og upplýsingar. Enn fremur færi vel á því að mati MRSÍ, auk ráð- og upplýsingagjafar til einstaklinga, að sjálfstæð, innlend mannréttindastofnun aðstoðaði einstaklinga við að útbúa kærur til Mannréttindadómstóls Evrópu, Mannréttindanefndar Sp og annarra úrskurðarnefnda og álitsgjafa á sviði mannréttinda sem skjóta má einstaklingsmálum til. Vonandi bætist þar við nefnd sem starfar á grundvelli samnings Sp um réttindi fólks með fötlun ef Ísland fullgildir bókun við samninginn sem heimilar kærur einstaklinga til nefndarinnar.

Aðstoð sem sú er að framan greinir kallar augljóslega á mannafla enda, ef vel ætti að vera, ætti sjálfstæð, innlend mannréttindastofnun að hafa á að skipa nægum fjölda starfsfólks til að sinna öllum þeim verkefnum sem undir slíka stofnun falla eða hún kysi að láta sig varða. Ef slík stofnun ætti hins vegar að taka að sér könnun einstakra mála þá þyrfti talsvert meiri mannafla en í það er að framan greinir og erfitt að skilgreina hversu langt slík könnun ætti að ná og hvers konar aðstoð ætti að veita. Talsvert er um að til MRSÍ leiti einstaklingar sem óska eftir því að skrifstofan hlutist í mál þeirra, sem jafnt varða erindi þeirra og samskipti við stjórnvöld eða deilumál milli einstaklinga. Oft og tíðum er í raun verið að falast eftir ókeypis lögmannsaðstoð, sáttamiðlun og því um líkt og mál sem í fljótu bragði virðast ekki varða mannréttindi eða brot á þeim. Að mati MRSÍ þyrfti því að kveða skýrt á um hvers konar aðstoð ætti að veita einstaklingum sem til skrifstofunnar leita, hvort hún eigi að fela í sér umboð



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

til að reka mál einstaklinga eða koma fram fyrir þeirra hönd í samskiptum við stjórnvöld, stofnanir eða einstaklinga o.s.frv.

4. MRSÍ fagnar þeirri fyrirhugun að einhver verkefna sem nú er sinnt af öðrum ráðuneytum eða stofnunum verði færð yfir til hinnar nýju stofnunar, svo sem réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk og verkefni á sviði jafnréttismála sem fela í sér sjálfstætt mannréttindaeftirlit. Samræmast slík verkefni starfsemi innlendrar mannréttindastofnunar afar vel og eru vel skilgreind. Vætanlega er jafnframt gert ráð fyrir að þeim fylgi sérfróðir starfsmenn og nægur mannaflí til að stofnunin fái sinnt þeim sem skyldi.

Að lokum áréttar MRSÍ að sjálfstæðri, innlendri mannréttindastofnun skal tryggja nægt fjármagn til þess að hún geti á raunverulegan og skilvirkan hátt sinnt sínu hlutverki og verkefnum.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri